



BOLUNGARVÍK

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 2480

Ár 2026, þriðjudaginn 20. janúar kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Magnús Ingi Jónsson og Þorbergur Haraldsson og Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti bæjarráðs

Lagt fram til kynningar.

Verkefnislisti kynntur.

2. Umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar vegna frumvarps um Lagareldi

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri kynnti drög að umsögn um frumvarp til Lagareldis. Bæjarráð felur bæjarstjóra að klára umsögnina í samræmi við umræður á fundinum og senda inn í samráðsgátt og birta jafnframt á heimasíðu sveitarfélagsins.

3. Samningur um Bolafjall

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri lagði fram samning um veghald á Bolafjalli ásamt áliti bæjarlögmanns. Bæjarráð felur bæjarstjóra að skrifa undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Fiskeldissjóður – ný skilyrði um styrkveitingar.

Lagt fram til kynningar.

Fréttatilkynning vegna auglýsingar um styrkveitingu úr fiskeldissjóði kynnt.

5. Staðfesting frá Bolungarvíkurkaupstað á stofnframlagi

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri skýrði frá því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi borist umsókn frá Brák íbúðafélagi hses. um Stofnframlag ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Sótt er um vegna byggingar á 6 íbúðum ætluðum fyrir tekju- og eignalága á vinnumarkaði. Stofnvirði íbúða skv. umsókn er 358.962.408 kr.

Bæjarráð staðfestir að framlag sveitarfélagsins kr.43.075.489.-, þar af er beint fjárframlag kr.16.361.616.- Framlagið er til staðar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Bæjarráð fagnar þessum áformum um íbúðauppbyggingu í Bolungarvík og verið sé að mæta fjölgun íbúa og fyrirhuguðum vexti sveitarfélagsins eins og hann kemur fram í húsnæðisáætlun þess.

6. Útkallsbifreið Slökkviliðs Bolungarvíkur

Lagt fram til kynningar.

Minnisblað kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:57

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir
Þorbergur Haraldsson

Magnús Ingi Jónsson
Jón Páll Hreinsson